



**Samband íslenskra
kvikmyndaframleiðenda**

Skýrsla stjórnar starfsárið 2016-2017

Stjórnarmenn

*Kristinn Þórðarson formaður
Guðrún Edda Þórhannesdóttir ritari
Guðbergur Davíðsson meðstjórnandi
Lilja Snorradóttir meðstjórnandi
Júlíus Kemp varamaður
Hlín Jóhannesdóttir varamaður*



Stjórn SÍK 2016-2017 var kjörin á aðalfundi í maí 2016. Stjórnina skipa Kristinn Þórðarson – formaður, Guðrún Edda Þórhannesdóttir – ritari, Guðbergur Davíðsson og Lilja Ósk Snorradóttir meðstjórnendur. Júlíus Kemp og Hlín Jóhannesdóttir eru varamenn í stjórn. Á hvern stjórnarfund eru boðaðir bæði aðal- og varamenn og telst fundurinn löglegur séu þrír eða fleiri mættir skv. 3. gr. samþykka sambandsins. Guðný Guðjónsdóttir sagði sig úr stjórn SÍK í nóvember 2016 eftir að hún sagði skilið við starf sitt hjá Sagafilm.

Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldnir 15 stjórnarfundir, auk funda við ráðherra ríkistjórnarinnar. Á tímabilinu hefur verið unnið að mörgum málum á vegum SÍK og verða þau helstu rakin hér.

Innan SÍK starfa nú 32 fyrirtæki kvikmyndaframleiðenda. Árið 2017 hefur eitt félag hætt og eitt bæst við.

Hagtölur greinarinnar

Velta í framleiðslu á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni árið 2016 voru 19,9 milljarðar króna og var það aukning um 80% frá árinu á undan. Mikil veltuaukning hefur verið í kvikmynda-myndbanda- og sjónvarpsframleiðslu síðustu ár en veltan hefur nánast fjórfaldast síðan árið 2010. Samanlögð velta árána 2009-2017 er að nálgast 100 milljarða, eða 97 milljarðar króna. Það er því sannarlega hægt að segja að það sé heilmikill uppgangur í greininni.

IHM tekjur til SÍK

Á síðasta ári tókust loks samningar við ríkið varðandi auknar tekjur til IHM. Ber að þakka stjórn IHM og allra aðildafélaganna árangurinn en sérstaklega ber að nefna Tómas Þorvaldsson sem hefur unnið ötulega að því að rétta hag IHM gagnvart ríkinu. Stjórn SÍK leggur til að úthlutanir verða með sama fyrirkomulagi og áður hefur verið.

IHM greiðslan sem barst frá Ríissjóði 8.11.2017 er kr. 181.891.258, fyrri greiðslan var að fjárhæð kr 57.131.159, **samtals gera þetta kr. 239.022.417**, sem greiddar hafa verið vegna ársins 2016. Búið er að úthluta fyrri greiðslunni frá IHM til aðildafélaganna og er staðan á reikningi SÍK núna 6.834.106 kr. Úthlutun á hærri fjárhæðinni verður vonandi síðla á þessu ári eða snemma á því næsta en stjórn IHM á eftir að taka þetta fyrir og reikna skiptingu.

Þetta er gífurlega mikið fagnaðarefni og sigur enda hefur SÍK verið nánast tekjulaust undanfarin ár auk þess sem framleiðendur hafa ekki fengið neitt greitt úr sjóðum IHM. Stjórnin mælir því með að SÍK geri upp við stjórnir fyrri ára enda hafa allir stjórnarmeðlimir unnið launalaust síðan 2013. Samtals er skuld SÍK við stjórnir sl. fjögurra ára kr. 3,696,353. Einnig er smávægileg skuld til ÍKSA sem rétt væri að gera upp líka.

AGICOA tekjur til SÍK

Eftir margra ára viðræður við Agicoa um greiðslur til íslenskra framleiðenda á íslensku efni sýnt á Íslandi, ákvað stjórn SÍK að setja aukin þunga í viðræðurnar ásamt Tómasi Þorvaldsyni lögfræðingi sem hefur haldið uppi hita og þunga þeirra viðræðna. Eftir töluvert marga fundi í vetur og einni ferð Tómasar til Brussel, náðist loks samkomulag sem felst í því að SÍK heldur 20% tekna Agicoa eftir hér á



landi og Agicoa fær 80% í sinn hlut. Þetta eru mjög góðir samningar þar sem t.d. Belgía fær 13% í sinn hlut. En stærsta fagnaðarefnið við þetta mál er að Tómasi tókst að fá bætur frá Agicoa í formi eingreiðslu sem spannar frá árinu 2001 til 2016.

Hlutdeild SÍK, fyrir hönd kvikmyndaframleiðenda á Íslandi, í svokölluðum **kapaltekjum innheimtum af IHM skv. samningi við AGICOA** er því kr. 28.978.789.

AGICOA sagði 15. nóvember 2017 að endanleg formleg samningsdrög muni berast fyrir helgi, og er því best að bíða eftir því áður en gengið er frá uppgjöri. Uppgjör frá Tómasi Þorvaldssyni er tilbúið (fyrir utan gengisútreikninga á útgreiðslufjárhæðum til AGICOA sem munu miðast við greiðsludag) og er í samræmi við samþykktu útreikninga AGICOA. Hann hefur fengið heimild frá þeim til þess að greiða út uppgjörið til AGICOA og SÍK en frá því var gengið sérstakleg ef það dregst mikið lengur að ganga frá formlegum samningi. Rétt er að taka fram að öll hin fjárhagslegu atriði samningsins eru staðfest, bæði af hálfu AGICOA og stjórn SÍK.

Endurgreiðsla til kvikmyndagerðar

Einsog flestir vita tóku gildi um síðustu áramót ný lög um endurgreiðslu til kvikmyndagerðar og hækkaði endurgreiðslan upp í 25%. Það var mikil sátt á alþingi með afgreiðslu málsins og voru allir flokkar sammála um mikilvægi þess. Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið vinnur nú að skýrslu um hagkvæmni endurgreiðslunnar sem verður væntanlega kynnt á næsta ári.

Aukið fé til kvikmyndasjóðs

Lítið sem ekkert hefur miðað áfram í viðræðum SÍK við ráðherra ríkisstjórnarinnar um hækkun framlaga til KMÍ. Þó skal tekið fram að um óvenjulegar aðstæður hefur verið að ræða síðan þessi stjórn SÍK tók við. Þá um sumarið hafði verið boðað til nýrra kosnina um haustið 2016. Nokkrum vikum fyrir kosningar var svo nýr samningur kynntur aðildafélögum kvikmyndageirans og þótti engum hann spennandi. Bæði SKL og FK samþykktu samninginn en SÍK hafnaði honum í fyrstu atrennu. Eftir fundi með Kvikmyndaráði þar sem nokkrum breytingum var náð fram, ákvað stjórn SÍK að samþykkja samninginn ásamt hinum félögum. Hann var undirritaður í lok október 2016 og þó svo enginn hafi verið sérstaklega ánægður með samninginn er ljóst núna, eftir að síðasta ríkisstjórn númer 2 féll frá, að þetta var skásti kosturinn í stöðunni. Með samningum var fé til miðastyrkja áfram tryggt og Bjarni Benediktsson þáverandi fjármálaráðherra samþykkti aukahækkun uppá 250 milljónir króna sem á að koma til greiðslu fyrir árin 2018 og 2019. Þeirri hækkun ber að þakka Tómasi Þorvaldssyni og Baltasar Kormáki sem sátu fund fjármálaráðherra fyrir hönd SÍK og náðu fram þessari hækkun.

Aukið fé í leikið efni fyrir sjónvarp

Stjórn SÍK vill beita sér fyrir því að aukið fjármagn verði sett í leikið efni fyrir sjónvarp. Þar sem hægt hefur gengið að auka fé til KMÍ er stjórn SÍK með tillögu um að leitast eftir að stofnaður verði sérstakur fjárfestingasjóður þar sem reglur um úthlutun og endurgreiðslur inni sjóðinn yrðu svipaðar og reglur Norræna kvikmyndastjóðsins. Það er deginum ljósara að íslenskt leikið sjónvarpsefni er að gera það gríðarlega gott bæði á Íslandi og erlendis. Það er gífurleg eftirspurn eftir íslensku efni og mjög bagalegt að á meðan við gætum auðveldlega verið að framleiða 6 – 7 leiknar seríur á ári, þá

hefur KMÍ bolmagn til að styðja við eina og hálfu seríu í besta falli. Það þarf því að hamra járníð á meðan það er heitt og leita allra leiða til að koma svona sjóði á laggirnar. Það má kynna þetta verkefni fyrir næstu ríkisstjórn sem tímabundin fjárfestingaleið sem mætti svo endurskoða eftir fimm ár. Hitt sem ber að nefna er að allt sjónvarpsefni er gert á íslensku sem styrkir baráttu stjórnvalda fyrir verndun tungunnar.

Samningar við FÍL

Síðasti samningur SÍK við FK rann út árið 2015 og hafa engir samningar verið undirritaðir síðan. Viðræður hafa staðið yfir á tímabilinu. FÍL leggur ríka áherslu á að fá hækkun á taxta til sinna meðlima og hefur SÍK ekki getað samþykkt það, aðallega vegna þess að engin aukning hefur orðið á framlögum KMÍ og því lítið svigrúm til hækkana. Viðræður hafa þó verið á mjög vinalegum nótum og vonast SÍK eftir að getað gengið til samninga sem fyrst, en háð því að aukið fjármagn komi inni KMÍ.

FK samningar

Sama má segja um samninga á milli FK og SÍK. Það var fundur sl. vetur með FK þar sem félagið fór fram á sérsamninga rafiðnarðarsambandsins við SA fyrir meðlimi FK. SA hefur mjög skýra stefnu í þessum málum og hafnar alfarið að gera sérsamninga við aðildarfélög rafiðnarðarsambandsins. Ekkert varð því af frekari viðræðum við FK í bili og er staðan því óbreytt og ekkert aðhafst að hálfu SÍK og SA. Sjálfsagt er þó að áréttu við framleiðendur að fara að almennum lögum um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum og gæta að öryggismálum á tökustöðum og öðrum starfsstöðvum.

Samningur við Myndstef

Samningar hafa tekist við Myndstef og telur stjórn SÍK að um mjög sanngjarna samninga sé að ræða. Meðfylgjandi eru drög að samningum og gengur hann aðallega útá lækku á verði hvers listaverks í mynd og einnig að einfalda alla umgjörð. Með því er ekki verið að telja hverja einustu mynd sem mögulega kemur fram í leikmynd kvikmyndarinnar heldur eingöngu ef um verulega þýðingu verksins er að ræða.

Ný skýrsla um stöðu skapandi greina á Íslandi

Formaður SÍK sat fund með KMÍ og öllum helstu félögum BÍL þegar Leon Ford kom hingað til landsins á vegum RIFF. Hann starfar hjá Olsberg SPI sem er eitt virtasta ráðgjafafyrirtæki Bretlands og hafa þeir unnið mjög margar skýrslur um stöðu kvikmyndagerðar í Bretlandi og öðrum löndum Evrópu. Miðaða við þær skýrslur sem við höfum séð frá þeim löndum er engin spurning að slíkt myndi hjálpa okkur hérna líka. Fundurinn ákvað því að biðja Leon um tilboð í vinnuna og er SI að skoða mögulega fjárhagslega aðkomu að vinnunni ásamt KMÍ og aðildarfélögum BÍL.

Samstarf SÍK og SI

Ýmislegt jákvætt hefur gerst síðasta starfsár en okkur langar að nota tækifærið hér og fara yfir nokkur atriði sem okkur þykir mega betur fara Tíðar starfsmannabreytingar innan SI, sem hefur leitt til þess að SÍK hefur haft fjóra viðskiptastjóra frá því núverandi stjórn tók við, hafa verið okkur fjötur um fót.



Misbrestir hafa því verið í mikilvægum atriðum í rekstri SÍK, t.d. í upplýsingagjöf til meðlima SÍK og í almennri umsjón og eftirfylgni á málefnum félagsins.

Síðastliðinn ágúst tók nýr framkvæmdastjóri við keflinu hjá SI og höfum við miklar væntingar til þess að okkar mál verði tekin föstum tókum innan SI og þau sett í góðan farveg. Nú stendur yfir ráðningarferli á nýjum viðskiptastjóra SÍK og eru því bjartir tímar framundan. Það verður okkar forgangsmál að auka upplýsingaflæði til félagsmanna um starfsemi SÍK, með því til dæmis að senda út fréttabréf til félagsmanna eftir hvern stjórnarfund og halda vefsíðu félagsins uppfærðri.

Mikil umræða hefur verið um nýlegar innheimtuaðgerðir og viljum við árétta að SI eru tilbúin til að mæta þörfum félagsmanna við uppgjör á útistandandi skulum. Við hvetjum ykkur, sem hafið lent í þessum innheimtuaðgerðum, að hafa samband við Samtök iðnaðarins.

Aðild og þátttaka í öðrum félögum

SÍK hefur áfram tekið þátt í **alþjóðlegu samstarfi í gegnum FIAPF** og þaðan fáum við mikilvægar upplýsingar og erum með öflugan málsvara fyrir okkar hagsmunamál, bæði í Evrópu og á heimsvísu. FIAPF vinnur m.a. að höfundarréttarmálum kvikmyndaframleiðenda og með alþjóðlegum stofnunum um höfundarréttarvernd. Auk þess hefur FIAPF verið í forsvari fyrir almenn réttshafamál, leyfissamninga, samninga við leikstjóra og höfunda svo fátt eitt sé nefnt. FIAPF er jafnframt eftirlitsaðili með helstu kvikmyndahátíðum í heiminum. Formaður hefur setið aðalfundi FIAPF í Berlín og í Cannes.

SÍK er einn af þremur aðilum í **Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunni sem heldur Edduhátíðina** á hverju ári, auk þess að standa fyrir vali á framlagi Íslands til Óskarsverðlaunanna fyrir bestu erlendu kvikmyndina.

SÍK er þátttakandi í Kvikmyndahátíðinni Stockfish eins og önnur fagfélög í greininni. Hátíðin verður haldin í fjórða sinn 1.-11. mars 2018 og helstu mál nú er að styrkja fjárhagsgrundvöll hátíðarinnar. Áhersla hátíðarinnar er að efla samvinnu íslenskra og erlendra fagaðila og hefur Norræni sjóðurinn styrkt hátíðina í uppbyggingu á svokölluðum “Industry Days”.

Samstarfið í stjórn SÍK hefur verið sérlega gott á þessu yfirstandandi starfsári sem hefur lengst nokkuð vegna tafa með aðalfund. Allir meðlimir stjórnarinnar eru mjög samstíga um hagsmuni kvikmyndaframleiðenda á Íslandi og að byggja upp stærri og betri kvikmyndaíðnað. Á fundinum í dag verður kosið um 4 af 7 stjórnarmönnum til tveggja ára.

Sem fyrri ár, eru krefjandi verkefni framundan og verður unnið að þeim undir hatti Samtaka iðnaðarins og Samtaka atvinnulífsins. Það sem mestu máli skiptir er að unnið sé að aukningu á fjárframlögum til kvikmyndagerðar á Íslandi og hefur stjórn SÍK lagt fram tillögur um að fá meiri breidd í baráttuna. Best væri, til að slagkrafturinn sé sem mestur, að öll þrjú félög kvikmyndagerðarmanna tækju sig saman ásamt sjónvarpsstöðvum, KMÍ og náttúrulega SI að þrýsta sameiginlega á nýja ráðherra um aukið fé í málefni greinarinnar. Með samstöðu tekst okkur betur að tryggja hag okkar allra.



Reykjavík, 16. nóvember 2017

Stjórn SÍK

Kristinn Þórðarson

Guðrún Edda Þórhannesdóttir

Lilja Snorradóttir

Júlíus Kemp

Guðbergur Davíðsson

Hlín Jóhannesdóttir